



Nefndarsvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. desember 2015

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016, 2. mál (áfengisgjöld)

Með bréfi dags. 7. október 2015 lögðu Samtök iðnaðarins (SI) fram umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016 (breyting ýmissa laga), þskj. nr. 2. Gerðu SI ekki athugasemdir við þær breytingar á lögum í frumvarpinu sem gera ráð fyrir tilfærslu á virðisaukaskatti og áfengisgjaldi enda telja samtökin að þessi breyting sé í þágu betri skattheimtu og minni undanskota vegna sölu áfengis, þá sérstaklega í vínveitingahúsum.

Það er hinsvegar ljóst að fyrirkomulag innheimtu á áfengisgjaldi, sér í lagi eftir umræddar breytingar, er sérstaklega íþyngjandi fyrir áfengisframleiðendur þar sem greiðslufrestir eru einungis 2 vikur frá sölu eða afhendingu vörunnar frá framleiðanda til kaupanda. Þar sem greiðslufrestir á almennum markaði eru alla jafna lengri, um eða yfir 30 dagar, er umrædd tilfærsla á virðisaukaskatti og áfengisgjaldi íþyngjandi fyrir framleiðendur, sérstaklega minni aðila. Í ljósi þessa lögðu SI til að greiðslufrestur á áfengisgjaldi verði rýmkaður og samræmdur við greiðslufrest á virðisaukaskatti þannig að breytingin valdi ekki kostnaðarauka fyrir innlenda framleiðendur.

Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 13. nóvember 2015, fellst fjármálaráðuneytið á þau rök SI að umrædd tilfærsla hafi neikvæð áhrif á sjóðstreymi fyrirtækjanna. Leggur þá ráðuneytið til að „gjaldfrestur áfengisgjalds verði samræmdur gjaldfresti virðisaukaskatts tímabundið fyrstu tvö gjaldatímabil ársins 2016 til að gefa fyrirtækjum kost á að bregðast við breytingum á fjárbindingu í rekstri sínum.“ SI fagna því að ráðuneytið sé sammála því að mikilvægt sé að koma til móts við hagsmuni fyrirtækjanna að þessu leyti en telja þó að tillögur ráðuneytisins gangi of skammt enda þurfi að koma til langtímalausn sem viðheldur tryggu rekstrarumhverfi fyrirtækjanna.

SI telur í því skyni mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga:

- Hótel-, veitinga- og veislubjónustumarkaður er mjög vaxandi hluti af áfengismarkaði. Er þetta enda ein af ástæðum þess að fyrirliggjandi tillaga um tilfærslu á virðisaukaskatti og áfengisgjaldi er til umræðu.
- Minni framleiðendur, sem eru jafnt og þétt að hasla sér völl og auka sinn hlut á þeim markaði, verða í mun verri stöðu verði ekkert að gert. Það vinnur gegn hagsmunum Íslendinga um að ferðamenn njóti hér fjölbreyttrar flóru innlendra afurða.
- Áfengisframleiðendur eru í raun að innheimta áfengisgjald af veitingageiranum og taka alla áhættu af innheimtu þess. Enn fremur skila þeir gjaldinu áður en þeir fá að jafnaði greitt. Þeir sitja auk þess uppi með tap ef ekki fæst greitt, til að mynda vegna gjaldþrots, án þess að ríkissjóður endurgreiði þann þátt tjónsins sem snýr að áfengisgjaldinu.



Það er varla ætlunin að umrædd breyting hafi neikvæð áhrif á birgja/framleiðendur í greininni. Fyrst og fremst er um að ræða mál sem nýtist veitingageiranum vel, er til einföldunar og skerpir á skattskilum. Lausn málsins verður að taka mið af þessu. Fjögurra mánaða aðlögunartími, skv. tillögu ráðuneytisins, nær ekki þessu markmiði.

Samtök iðnaðarins leggja til að greiðslufrestur áfengisgjalda verði einn mánuður, sem verði lögfest með umræddum breytingum. Þannig er komið til móts við birgja veitingageirans en ekki er gengið jafn langt og við lögðum áður til.

Það er jafnframt skýr krafa SI að ef nefndin leggur til tímabundna lausn á málinu, verði það sett í skýran farveg þannig að unnið verði að varanlegri lausn sem nái því sjálfsagða og eðlilega markmiði að raska ekki stöðu áfengisframleiðenda.

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Almar Guðmundsson'.

Almar Guðmundsson,
framkvæmdastjóri